

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um fjölda á biðlistum.

1. *Hversu margir eru á biðlistum fyrir valfrjálsar aðgerðir nú og hversu margir voru á slíkum biðlistum á sama tíma sl. tvö ár?*

Tegundir valaðgerða eru fjölmargar og þær eru framkvæmdar á ýmsum aðgerðarstöðum. Embætti landlæknis kallar reglulega eftir gögnum um bið eftir völdum skurðaðgerðum. Stöðu á biðlistum eftir þeim aðgerðum má sjá í yfirlitstöflu sem fylgir með svari þessu en taflan sýnir fjölda á biðlista og biðtíma á sjö tilteknum tímamörkum. Fyrsti tímamörkurinn er frá febrúar 2018 en nýjustu tölur yfir valkvæðar aðgerðir miðast við gögn frá 1. júní 2020.

Ýmiss konar takmarkanir á heilbrigðisþjónustu vegna COVID-19-faraldursins höfðu áhrif á framkvæmd valkvæðra skurðaðgerða, ífarandi rannsóknir og starfsemi innan heilbrigðisþjónustunnar þar sem fram fer mat á þörf fyrir valkvæðar aðgerðir, svo sem á göngudeildum. Þessar takmarkanir hafa áhrif á tölur biðlistanna á þeim tíma sem takmarkana gætir og ekki er útséð um hversu mikil áhrifin af COVID-19-faraldrinum verða. Dæmi eru einnig um að umbeðin gögn hafi ekki borist í einhverjum tilvikum á þeim tímamörkum sem óskað var eftir. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að reikna með marktækum tölum fyrr en síðar.

Fjöldi á biðlista þarf líka að skoða í samhengi við fjölda framkvæmdra aðgerða á hverjum tíma og samanburð á milli ára ber að gera með þeim fyrirvara að aðgerðarkóðar sem liggja að baki ákveðnum aðgerðarflokkum kunna að hafa breyst.

Þær stofnanir sem gögn í yfirlitstöflunni ná til eru: Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi, Klínikin Ármúla, Sjúónlag, LaiserSjón, Gravitas.

2. *Hversu lengi eru einstaklingar að jafnaði á biðlista fyrir valfrjálsar aðgerðir nú og hvernig var staðan á sama tíma sl. tvö ár?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu lengi einstaklingar hafa að jafnaði verið á biðlista fyrir valfrjálsar aðgerðir. Yfirlitstaflan yfir fjölda á biðlista og biðtíma sem fylgir með svari þessu sýnir hins vegar fjölda þeirra einstaklinga sem beðið hafa lengur en 3 mánuði, 6 mánuði, 9 mánuði og 12 mánuði, á sjö tilteknum tímamörkum frá febrúar 2018 til júní 2020.

3. *Telur ráðherra sumarlokanir á heilbrigðisstofnunum hafa áhrif á þessa biðlista og ef svo er, með hvaða hætti?*

Heilbrigðisstofnanir þurfa að skipuleggja starfsemi sína fram í tímann bæði til að nýta skurðstofur og mannafla sem best en ekki síður til að forgangsraða og tryggja að þeir einstaklingar sem eru í brýnustu þörfinni fyrir þjónustu fái þjónustu strax. Einnig þurfa sjúklingar oft tíma til að gera ráðstafanir áður en þeir geta gengist undir skurðaðgerð. Sumarfrí starfsmanna og áhrif þess á heildarstarfsemi heilbrigðisstofnana eru hluti af því skipulagi. Reynt er að haga skipulagi sumarfría þannig að nauðsynlegar sumarlokanir verði eins umfangslitlar og skammar og mögulegt er þannig að áhrif á biðtíma á biðlistum verði sem

minnst. Ekki er þó unnt að útiloka einhver áhrif til lengingar á biðtíma eftir valaðgerð. Síðustu ár hafa biðlistar í sumum aðgerðarflokkum til að mynda verið lengri í október en í febrúar en það er þó ekki algilt

Yfirlitstafla.

Fjöldi á biðlista og biðtími	2018 febrúar	2018 júní	2018 október	2019 febrúar	2019 október	2020 febrúar	2020 júní
Skurðaðgerðir á augasteinum	1.085	1.049	1.427	1.128	1.114	1.137	1.345
Þar af lengur en 3 mánuði	417	441	616	515	400	633	902
Þar af lengur en 6 mánuði	145	301	392	328	67	4	215
Þar af lengur en 9 mánuði	73	107	255	245	59	0	5
Þar af lengur en 12 mánuði	49	65	114	93	58	0	2
Aðgerðir á hjartalokum	38	15	17	22	13	19	15
Þar af lengur en 3 mánuði	18	5	7	5	9	6	6
Þar af lengur en 6 mánuði	6	2	3	1	8	5	2
Þar af lengur en 9 mánuði	5	0	1	0	1	4	2
Þar af lengur en 12 mánuði	2	0	0	0	0	1	2
Kransæðaaðgerðir	3	6	4	2	2	1	3
Þar af lengur en 3 mánuði	0	1	0	0	0	0	0
Þar af lengur en 6 mánuði	0	0	0	0	0	0	0
Þar af lengur en 9 mánuði	0	0	0	0	0	0	0
Þar af lengur en 12 mánuði	0	0	0	0	0	0	0
Hjarta- og/eða kransæðamyndataka	101	80	96	116	157	102	80
Þar af lengur en 3 mánuði	7	7	8	15	38	30	18
Þar af lengur en 6 mánuði	2	5	6	8	9	16	10
Þar af lengur en 9 mánuði	1	5	6	7	7	9	8
Þar af lengur en 12 mánuði	0	3	5	6	7	8	7
Brennsluáðgerðir á hjarta					355	318	330
Þar af lengur en 3 mánuði					330	281	274
Þar af lengur en 6 mánuði					280	239	216
Þar af lengur en 9 mánuði					218	209	183
Þar af lengur en 12 mánuði					185	160	155
Úrnám hluta brjósts	10	13	11	12	18	19	7
Þar af lengur en 3 mánuði	1	2	2	2	3	0	1
Þar af lengur en 6 mánuði	1	1	2	2	2	0	0
Þar af lengur en 9 mánuði	1	1	2	2	2	0	0
Þar af lengur en 12 mánuði	1	1	2	2	1	0	0

Fjöldi á biðlista og biðtími	2018 febrúar	2018 júní	2018 október	2019 febrúar	2019 október	2020 febrúar	2020 júní
Brjóstnám	17	15	23	35	54	42	23
Þar af lengur en 3 mánuði	6	3	5	8	25	16	12
Þar af lengur en 6 mánuði	4	2	2	0	15	11	7
Þar af lengur en 9 mánuði	4	1	0	0	7	4	7
Þar af lengur en 12 mánuði	1	1	0	0	2		
Aðgerðir til brjóstaminnkunar	97	104	111	95	94	56	59
Þar af lengur en 3 mánuði	83	87	99	68	84	43	50
Þar af lengur en 6 mánuði	55	73	85	60	63	26	39
Þar af lengur en 9 mánuði	52	47	70	52	50	23	22
Þar af lengur en 12 mánuði	39	45	46	41	42		
Endurgerð brjósts (brjóstaupbygging)	53	57	65	54	67	60	50
Þar af lengur en 3 mánuði	29	41	47	29	43	34	46
Þar af lengur en 6 mánuði	22	24	36	20	26	15	25
Þar af lengur en 9 mánuði	15	18	25	19	19	11	13
Þar af lengur en 12 mánuði					14		
Aðgerðir v/vélindabakflæðis og þindarslits	40	33	41	35	52	51	53
Þar af lengur en 3 mánuði	26	17	27	23	41	38	45
Þar af lengur en 6 mánuði	21	8	15	13	22	29	34
Þar af lengur en 9 mánuði	12	4	9	12	5	21	26
Þar af lengur en 12 mánuði	11	3	4	5	3	7	18
Skurðaðgerðir á maga v/offitu	118	92	129	123	140	84	248
Þar af lengur en 3 mánuði	0	38	62	67	72	59	89
Þar af lengur en 6 mánuði	0	16	39	32	34	29	60
Þar af lengur en 9 mánuði	0	0	22	16	26	12	34
Þar af lengur en 12 mánuði	0	0	0	2	7	4	6
Gallsteinaaðgerðir	125	117	103	139	120	116	142
Þar af lengur en 3 mánuði	23	35	36	34	48	41	57
Þar af lengur en 6 mánuði	12	11	10	5	14	14	17
Þar af lengur en 9 mánuði	9	9	4	2	5	6	7
Þar af lengur en 12 mánuði	5	7	0	1	2	2	6
Valdar aðgerðir á grindarholsliffærum kvenna	207	130	146	139	140	57	81
Þar af lengur en 3 mánuði	128	58	58	51	86	16	33
Þar af lengur en 6 mánuði	79	31	29	28	48	1	7

Fjöldi á biðlista og biðtími	2018 febrúar	2018 júní	2018 október	2019 febrúar	2019 október	2020 febrúar	2020 júní
Þar af lengur en 9 mánuði	55	26	17	18	27	0	2
Þar af lengur en 12 mánuði	38	19	7	8	15	0	0
Brottnám legs	115	69	82	92	123	89	86
Þar af lengur en 3 mánuði	57	28	34	31	52	15	35
Þar af lengur en 6 mánuði	38	14	20	13	26	1	3
Þar af lengur en 9 mánuði	26	11	8	9	16	1	2
Þar af lengur en 12 mánuði	16	6	1	6	8	1	2
Aðgerðir á blöðruhálskirtli	7	4	4	11	11	14	8
Þar af lengur en 3 mánuði	1	1	0	0	1	4	1
Þar af lengur en 6 mánuði	0	1	0	0	0	0	0
Þar af lengur en 9 mánuði	0	1	0	0	0	0	0
Þar af lengur en 12 mánuði	0	0	0	0	0	0	0
Brottnám hvekkis um þvagrás (TURP)	56	43	46	37	49	35	35
Þar af lengur en 3 mánuði	26	23	24	14	26	20	19
Þar af lengur en 6 mánuði	6	15	16	7	18	15	12
Þar af lengur en 9 mánuði	6	9	10	6	12	13	9
Þar af lengur en 12 mánuði	5	3	7	5	10	10	9
Gerviliðaaðgerðir á mjöðm	397	364	346	336	393	320	356
Þar af lengur en 3 mánuði	239	214	237	210	247	198	252
Þar af lengur en 6 mánuði	146	132	144	119	157	107	147
Þar af lengur en 9 mánuði	84	63	87	74	89	66	72
Þar af lengur en 12 mánuði	50	26	43	33	42	31	34
Gerviliðaaðgerðir á hné	723	669	710	712	782	672	715
Þar af lengur en 3 mánuði	465	472	481	481	559	451	576
Þar af lengur en 6 mánuði	267	290	335	257	361	269	362
Þar af lengur en 9 mánuði	156	158	235	151	217	154	180
Þar af lengur en 12 mánuði	75	83	93	90	106	81	93